

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 29. nóvember 2017
UST201710-278/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Ánabakki - Ánastaðir - Borgarbyggð

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 30. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 10,5 ha svæðis sem afmarkast af Þjóðvegi nr. 540 í norðri og Álftá í suðri.

Umhverfisstofnun tekur undir áherslur um að framkvæmdir falli vel að landi.

Votlendi


Umhverfisstofnun bendir á að skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er votlendi á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að raska votlendi eins lítið og kostur er, þar sem votlendi 2 ha að stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.


Girðingar

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 26. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri för gangandi manna.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

